

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. júlí 2024

Mál nr. E-6948/2023:

Menntasjóður námsmanna

(Hildur Þórarinsdóttir lögmaður)

gegn

Arnari Ólafssyni

(Guðmundur H. Pétursson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní 2024, var höfðað 8. nóvember 2023 af Menntasjóði námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík, gegn Arnari Ólafssyni, [...], Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.049.727 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 145.023 krónum frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022, af 297.071 krónu frá 1. mars 2022 til 17. nóvember 2022 og af 4.049.727 krónum frá 17. nóvember 2022 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Í endanlegum dómkröfum stefnda krefst hann sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.
- Mál þetta var höfðað skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en í þinghaldi 11. apríl 2024 samþykkti stefnandi að stefndi kæmi að öllum vörnum í málinu.

I

Helstu málsatvik

- Á árunum 2007–2008, þegar stefndi stundaði nám á Englandi, fékk hann greidd út námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, forvera stefnanda, á grundvelli laga nr. 21/1992 sem giltu þegar lánið var tekið. Í samræmi við síðast greind lög gaf stefndi út skuldabréf þann 25. október 2007 þar sem A undirritaði skilmála lánsins skv. umboði stefnda. Jafnframt tók A á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á skuldabréfið fyrir fjárhæð allt að 7.000.000 króna miðað við grunnvísitölu 258,9, en ábyrgðin tók einnig til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil yrðu. Ábyrgðarmanninum er ekki stefnt í máli þessu.

6. Samkvæmt skuldabréfinu er lánið verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% skv. úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem skv. ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð af hálfu stjórnar stefnanda. Skuldabréfið ber það einnig með sér að endurgreiðsla lánsins hefjist tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í tilviki stefnda voru þann 29. júní 2008. Jafnframt kemur fram í skuldabréfinu að stefndi veitti stefnanda heimild til þess að færa fjárhæð heildarskuldarinnar miðað við þágildandi vísitölu neysluverðs inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 2.469.128 krónum miðað við grunnvísitölu 300,3.
7. Um endurgreiðslu lánsins fer skv. þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.
8. Í stefnu kemur fram að fyrsti gjalddagi lánsins átti að vera 30. júní 2010, skv. ákvæðum skuldabréfsins, en endurgreiðslur lánsins munu hafa frestast fram til ársins 2011 þar sem stefndi fékk undanþágu frá afborgunum árið 2010 vegna atvinnuleysis. Greitt var af láninu til ársins 2013 en lánið mun hafa verið fryst frá 18. september 2014 til 17. september 2017 vegna umsóknar stefnda um greiðsluaðlögun. Greiðslur hófust á ný árið 2018 en lánið mun hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu var lánið gjaldfellt 17. október 2022 vegna vanskila stefnda.
9. Samkvæmt greinargerð stefnda mun hann ekki hafa getað staðið við fjárskuldbindingar sínar undanfarin ár vegna viðvarandi greiðsluerfiðleika, sem ekki hafi verið fyrirséð að myndu líða hjá innan skamms. Af þeim sökum hafi hann farið fram á það við Héraðsdóm Reykjavíkur 22. desember 2022 að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta sem var gert með úrskurði dómsins 8. febrúar 2023. Samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaðinu fundust engar eignir í búinu og lauk skiptum 30. maí 2023 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur.

10. Á meðan stefndi var undir gjaldþrotaskiptum sendi stefnandi honum bréf, dags. 24. apríl 2023, með tilkynningu um áframhaldandi innheimtu á námsláni stefnda. Í tilkynningunni kom m.a. fram að „komi engin fullnaðargreiðsla úr skiptunum við skiptalok, heldur málið áfram sínu hefðbundna innheimtuferli, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020“. Í samræmi við bréfið, og þar sem engin greiðsla fékkst upp í kröfu stefnanda, var mál þetta höfðað með stefnu sem var þingfest 16. nóvember 2023.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Í stefnu eru málsatvik og málsástæður stefnanda reifuð í einu lagi og ekki er þar að finna ítarlega umfjöllun um málsástæður hans, en málið var höfðað sem skuldabréfamál skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 sem kveður á um takmarkaðar varnir stefnda, sbr. 118. gr. sömu laga.
12. Af hálfu stefnanda er byggt á því að heimilt hafi verið að gjaldfella námslán stefnda skv. ákvæðum skuldabréfsins sjálfs, auk þess sem það leiði af lögum nr. 21/1992, sem giltu á þeim tíma sem lánið var tekið, og almennum reglum kröfuréttarins. Námslán stefnda hafi verið gjaldfellt þann 17. október 2022 vegna verulegra vanskila hans, en þá hafi verið gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 297.071 króna, en eftirstöðvar lánsins hafi þá verið 3.752.656 krónur, uppreiknað miðað við vísitölu þann 17. október 2022 (555,1) og 0,4% vexti.
13. Nánari sundurliðun kröfunnar sé eftirfarandi:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1.3.2021	kr. 145.023
	dags. 1.3.2022	<u>kr. 152.048</u>
<i>Samtals</i>		<i>kr. 297.071</i>
Gjaldfallnar eftirstöðvar		<u>kr. 3.752.656</u>
Samtals eftirstöðvar		kr. 4.049.727

14. Bú stefnda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 8. febrúar 2023 og hafi stefnandi lýst kröfu í þrotabúið. Skiptum hafi lokið 30. maí 2023 án þess að greiðsla hafi fengist upp í kröfu stefnanda. Þar sem innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur sé málshöfðun á hendur stefnda nauðsynleg.
15. Um lagarök kveðst stefnandi vísa til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem og til útgefninga reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi séu á hverjum tíma. Þá sé enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins

um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu sé vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

16. Stefndi vísar til þess að stefnandi virðist leggja ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna til grundvallar málsókn sinni um réttmæti kröfunnar, líkt og boðað hafi verið í kröfubréfi stefnanda frá 24. apríl 2023, þótt ekki sé vísað til ákvæðisins í stefnu. Stefndi kveðst byggja á því að umrætt lagaákvæði 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga stríði gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sem leiði til þess að sýkna beri hann af kröfum stefnanda. Þá rekist lagaákvæðið augljóslega á ákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga og feli í sér ólögmetna mismunun milli skuldara sem orðið hafi gjaldþrota, en ákvæði 165. gr. gjaldþrotalaga hafi komið í lög árið 2010. Þannig sé réttarstaða skuldara sem tekið hafi námslán lakari en réttarstaða annarra skuldara við gjaldþrotaskipti sem njóti betri réttar. Það stríði gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Þannig gildi reglan „lex superior“ um rétt hæð settra laga og hin æðri réttarheimild í stjórnarskránni gangi framur lagaákvæðinu vegna þeirrar mismununar sem 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga feli í sér.
17. Framangreint ákvæði menntasjóðslaga veiti stefnanda heimild til að viðhalda skuld sinni gagnvart námsmönnum allt til æviloka þótt engar líkur séu til fullnustu skuldarinnar, en það sé m.a. eitt af skilyrðum 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. svo unnt sé að slíta fyrningu kröfuréttinda. Ákvæðið sé íþyngjandi, auk þess sem það hljóti að vera vafa undirorpið hvort það gildi um námslán sem tekin hafi verið í tíð eldri laga löngu áður en ákvæðið leit dagsins ljós.
18. Stefndi byggi á að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sé ætlað að gilda á öllum sviðum löggjafar, ekki aðeins á sviði „mannréttinda“ sérstaklega. Hin almenna jafnræðisregla stjórnarskrárinnar gildi því um það þegar löggjafarvald, dómsvald eða framkvæmdarvald setji, túlki eða beiti löggjöf eða valdi sínu almennt. Jafnræðisreglan sé almenn leiðbeiningarregla um bann við mismunun sem beri ávallt að hafa að leiðarljósi. Það eigi ekki einvörðungu við í tengslum við lagasetningu, heldur einnig við túlkun og skýringu laga.

19. Dómstólar hafi endanlegt úrskurðarvald um hvort tiltekið lagaákvæði feli í sér mismunun og sé þar með andstætt stjórnarskrá. Ákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga mæli fyrir um að tilteknum hópi í sambærilegri stöðu, þ.e.a.s. einstaklingum undir gjaldþrotaskiptum, skuli tryggja ákveðin réttindi og meðferð krafna eftir skiptalok. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga feli hins vegar í sér skert réttindi og meðferð krafna eftir skiptalok gagnvart einum tilteknum hópi, þ.e. námsmönnum með námslán undir gjaldþrotaskiptum. Slík lagaákvæði feli í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 14. gr. MSE, sem í sinni einföldustu mynd eigi að tryggja öllum hópum í sambærilegri stöðu, hér þrotamönnum, sömu réttindi og meðferð.
20. Almenna reglan við fyrningu kröfuréttinda sé fjögur ár skv. ákvæðum laga um fyrningu en 10 ár þegar um skuldabréf sé að ræða. Sú sérregla 2. og 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga hafi verið sett í lög um gjaldþrotaskipti árið 2010 að fyrningarfrestur krafna hafi verið stytur í tvö ár og verði sá fyrningarfrestur einungis rofinn með dómi í sérstökum tilvikum. Sérregla 26. gr. menntasjóðslaga kveði hins vegar á um að sérregla gjaldþrotaskiptalaganna gildi ekki um námslán, en um fyrningu fari áfram eftir almennum lögum um fyrningu kröfuréttinda. Stefndi telji þetta ekki fá staðist. Kröfum vegna námslána sé stillt upp með þeim hætti að gagnvart einstaklingum sé hægt að viðhalda þeim til andláts, þrátt fyrir gjaldþrotaskipti, þótt reglum 2. og 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga um fyrningu krafna gagnvart gjaldþrota einstaklingum hafi beinlínis verið stefnt gegn því að hægt yrði að viðhalda kröfum á einstaklinga um aldur og ævi. Það hafi löggjafinn, a.m.k. á þeim tíma, augljóslega talið vera óeðlilegt, einkum þegar fyrir liggi að viðkomandi einstaklingur sé bæði ógjaldfær og eignalaus. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga mismuni því skuldurum og brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar með því að gera réttarstöðu eins „þjóðfélagshóps“ lakari en almennt gerist.
21. Til stuðnings kröfum sínum um sýknu vísi stefndi til fjölda dómsmála sem forveri stefnanda, Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN), hafi rekið gegn ógjaldfærum skuldurum námslána. Einkum sé vísað til sex dóma Hæstaréttar frá 2. nóvember 2017, sem allir lúti að slitum á fyrningu krafna hjá gjaldþrota einstaklingum vegna námslána og þar með túlkun 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Í þeim dómum, sbr. t.d. í máli nr. 643/2016, hafi komið fram að sú skylda hvíldi á LÍN skv. 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga að sjóðurinn sýndi fram á að hann hefði sérstaka hagsmuni af því að geta slitið fyrningu og enn fremur að líkur mætti telja á að fullnusta gæti fengist á kröfunni á nýjum fyrningartíma. Í dómum Hæstaréttar hafi komið fram að því er fyrra skilyrðið

varðar að þar sem krafa hefði ekki orðið til út af ólögmati háttsemi skuldara fæli skilyrðið einkum í sér að kröfuhafi þyrfti vegna sinna eigin aðstæðna að hafa hagsmuni umfram aðra kröfuhafa af því að tiltekin krafa yrði ekki látin falla niður fyrir fyrningu. Hæstiréttur hafi ekki talið að það ætti við um Lánasjóð íslenskra námsmanna í samanburði við aðra lánveitendur.

22. Stefndi byggir á því að hinni nýju sérreglu 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 sé augljóslega stefnt gegn framangreindum dómum Hæstaréttar og það brjóti gróflega gegn viðurkenndum réttindum skuldara sem hafi orðið gjaldþrota. Þannig fari frumvarpshöfundar þá leið til að „ómerkja“ þær forsendur Hæstaréttar að segja námslán svo sérstæð umfram önnur lán að réttlæti lagasetningu. Jafnframt segi frumvarpshöfundar að aðstæður hins nýja Menntasjóðs námsmanna séu svo sérstakar í samanburði við aðra lánveitendur að réttlæti verri réttarstöðu námsmanna en annarra skuldara undir gjaldþrotaskiptum vegna námslána sinna. Það sé vandséð að námslán séu, frá og með lagasetningunni 2020, „sérstakari“ en verið hafi í marga áratugi þar á undan eða að aðstæður hins nýja Menntasjóðs námsmanna séu nú skyndilega orðnar „sérstakari“ en áður í samanburði við aðra lánveitendur, þegar komi að fyrningu kröfuréttinda. Dómstólar hafi endanlegt úrskurðarvald um hvort tiltekið lagaákvæði stríði gegn stjórnarskrá, þ.m.t. jafnræðisreglu 65. gr., en sérregla menntasjóðslaga geri stöðu námsmanna sem skuldara námslána verri en stöðu annarra skuldara gagnvart öðrum kröfuhöfum. Beri því að víkja sérreglu 26. gr. menntasjóðslaga til hliðar og takist stefnanda ekki að sýna fram á að skilyrðum 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaga sé fullnægt eigi að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.
23. Í framangreindum dómum Hæstaréttar hafi komið fram að sjóðurinn „hefði á engan hátt leitt í ljós að líkur væru á að fullnusta kröfunnar gæti fengist á nýjum fyrningartíma“. Þetta sé grundvallaratriði í almennri reglu gjaldþrotaskiptalaganna sem fjalli um réttarstöðu þess hóps skuldara sem hafi orðið gjaldþrota. Sérregla 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga sé því afar vafasöm lagasetning þar sem virðist á engan hátt tekið tillit til þess hvort einhverjar líkur séu á að hægt verði að fullnusta kröfu um greiðslu námsláns á nýjum fyrningartíma. Í tilviki stefnda hafi fjárhagsstaða hans á engan hátt tekið breytingum og sé málsókn þessi, svo stuttu eftir að gjaldþrotaskiptum lauk, óskiljanleg.
24. Stefndi hafi tekið umrædd námslán á árunum 2007–2008. Það sé réttmætum vafa undirorpið hvort hið nýja lagaákvæði 2. mgr. 26. gr. menntasjóðslaga frá árinu 2020 skuli gilda um eldri lán með hliðsjón af afturvirkni lagasetningar, sérstaklega þar sem ákvæðið mæli ekki fyrir um betri rétt skuldara heldur verri. Það verði að teljast almennt

viðurkennt lögskýringarsjónarmið að lögum skuli almennt ekki beita afturvirkkt, einkum þegar þau mæli fyrir um verri réttarstöðu einstaklinga en áður hafi verið, sem auk þess taki einvörðungu til ákveðins þjóðfélagshóps en gildi ekki um alla í sambærilegri stöðu. Beri einnig af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

25. Þá sé það afar óviðeigandi af ríkisstofnuninni Menntasjóði námsmanna að hafa í hótun-um við gjaldþrota einstaklinga um innheimtuaðgerðir undir gjaldþrotaskiptum á búi þeirra og án þess að skiptum sé lokið, sbr. bréf stefnanda, dags. 24. apríl 2023. Stefnandi hafi augljóslega rofið fyrningu kröfuréttinda þegar lýst var kröfu í þrotabú stefnda. Því sé erfitt að sjá hvaða tilgangi málsókn þjóni svo stuttu eftir skiptalok, þar sem fyrir liggir að stefndi sé eignalaus, sbr. tilkynningu um skiptalok í Lögbirtingablaðinu hinn 30. maí 2023. Yrði stefndi dæmdur til greiðslu dómkröfunnar myndi aðfararhæfur dómur ekki breyta réttarstöðu stefnanda gagnvart stefnda.
26. Málsókn þessi sé því tilefnislaus með öllu hjá stefnanda á þessari stundu, nema hann hafi beinlínis haft í hyggju að láta reyna á sérstakar réttarreglur fyrir dómi, svo sem um gildi 2. mgr. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, þótt hvergi komi það fram í stefnu. Þar eð málsóknin sé tilefnislaus hljóti að koma til skoðunar af hálfu dómsins hvort beita eigi stefnanda réttarfarssekt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 135. gr. laga nr. 91/1991.

IV

Niðurstaða

27. Málsatvik eru ágreiningslaus og vísast nánar um þau til umfjöllunar í sérstökum kafla hér að framan. Ekki er uppi ágreiningur um fjárhæðir eða að kröfur stefnanda á hendur stefnda séu fyrir hendi og enn fremur er ágreiningslaust að þær séu ófyrndar. Sakarefni málsins varðar kröfu stefnanda á hendur stefnda til greiðslu skuldar skv. skuldabréfi, útgefnu af stefnda, vegna námsláns sem hann hlaut frá stefnanda. Eins og að framan greinir var málið höfðað sem skuldabréfamál skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991, en stefnandi samþykkti að stefndi gæti komið að frekari vörnum en kveðið er á um í 118. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 119. gr. sömu laga.
28. Af hálfu stefnda er byggt á því að sýkna eigi hann af kröfu stefnanda þar sem 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár, sbr. 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), með ólögmati mismunun milli skuldara sem orðið hafi gjaldþrota. Telur stefndi að víkja eigi fyrrgreindu

ákvæði laga nr. 60/2020 til hliðar af framangreindri ástæðu og að sýkna eigi stefnda takist stefnanda ekki að sýna fram á að skilyrðum 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé fullnægt. Þá vísar stefndi jafnframt til sjónarmiða um afturvirkni laga til stuðnings sýknukröfu sinni. Af hálfu stefnanda er málsástæðum stefnda hafnað og byggir hann á því að lagaskilyrði séu til þess að fallast á dómkröfur skv. stefnu og að engin rök standi til þess að fallast á kröfu stefnda um sýknu.

29. Í 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 kemur m.a. fram að þrotamaður beri ábyrgð á skuldum sínum sem ekki fáist greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau sé fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrji þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Í 3. mgr. 165. gr. laganna segir m.a. að fyrningu krafna, sem um ræði í 2. mgr., verði aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skuli því aðeins veita með dómi að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gildi almennar reglur um fyrningu kröfunnar.
30. Í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 kemur fram að ákvæði laga nr. 21/1991 um lengd fyrningarfrests og sérreglur þeirra um slit fyrningar gildi ekki um námslán. Stefndi byggir þrátt fyrir þetta á því að um kröfur stefnanda fari eftir ákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991 og þar með þurfi stefnandi að uppfylla fyrrnefnd skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Óumdeilt er í málinu að skilyrðið um málshöfðun innan fyrningarfrests er uppfyllt, enda var málið höfðað innan tveggja ára frá því að skiptum lauk. Stefndi telur hins vegar að ekki séu uppfyllt skilyrðin um að stefnandi hafi sýnt fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Þá telur stefndi vafa leika á því hvort beita skuli hinu nýja ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 um lán sem tekin voru í tíð eldri laga. Lagaákvæði skuli ekki beita afturvirkkt, einkum þegar það veiti skuldara námslána verri rétt en gildi áður. Stefndi hafnar öllum framangreindum máltilbúnaði stefnda og byggir á því að með vísan til 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 eigi fyrrnefnd skilyrði 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 ekki við um kröfur stefnanda.
31. Lög nr. 60/2020 öðluðust gildi 26. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí sama ár, sbr. ákvæði 37. gr. laganna. Í lögnum er ekki að finna almennt ákvæði um lagaskil, en

í athugasemdum með frumvarpi til laganna er mælt fyrir um að ekki sé ráðgert að ákvæði V. kafla laganna gildi afturvirk. Hið sama segir þar um bráðabirgðaákvæði II með lögnum. Með gagnályktun frá þessu verður að ætla að öðrum ákvæðum laganna, þar með talinni 2. mgr. 26. gr. sem er í VI. kafla laganna, hafi verið ætlað að gilda með almennum hætti um gildandi réttarsambönd. Sú ályktun er einnig í samræmi við þá meginreglu að yngri lög ganga frammar eldri lögum og nýjum lögum verður því beitt um lögskipti sem undir þau falla þótt til lögskiptanna hafi verið stofnað fyrir gildistöku þeirra, enda ræðst réttarstaða manna af lögum eins og þau eru hverju sinni. Þegar meta þarf hvort efni séu til að víkja frá þeirri meginreglu verður að gæta að því hvort réttarsamband, sem stofnað var til í gildistíð eldri laga, hafi verið fullmótað og komið í endanlegt horf þegar hin nýju lög tóku gildi. Sé með nýjum lögum ekki hróflað við þeim þáttum í myndun réttarsambands eða réttarstöðu sem liðnir voru við gildistöku þeirra verða þau að móta þá þætti réttarsambandsins, sem varða tímann eftir það, þótt þau kunni að hrófla við þeirri réttarstöðu sem ella hefði verið uppi eftir eldri lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. desember 2011 í máli nr. 614/2011.

32. Í íslenskri dómafrankvæmd hefur þannig verið litið svo á að aðilar, hvort heldur sem eru kröfuhafar eða skuldarar, þurfi að sæta því að fyrning krafna geti breyst ef breytingin er gerð með lögum þannig að nýrri lögum verði beitt um fyrningu sem er hafin en ekki lokið í tíð eldri laga, sbr. til hliðsjónar fyrirnefndan dóm Hæstaréttar 2. nóvember 2017 í máli nr. 643/2016 og úrskurð Landsréttar 9. september 2022 í máli nr. 376/2022. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 verði ekki beitt vegna sjónarmiða um bann við afturvirkni laga.
33. Að mati dómsins er ekki heldur unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda að víkja beri ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 til hliðar þar sem ákvæðið brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. MSE. Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir jafnir fyrir lögum. Í því banni við mismunun sem í ákvæðinu felst er m.a. gerð sú krafa að við lagasetningu og framkvæmd laganna sé farið með sambærilegum hætti með sambærileg tilvik og að ólík meðferð sambærilegra tilvika verði aðeins réttlætt með vísan til hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 4. febrúar 2021 í máli nr. 18/2020.
34. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 60/2020 kemur fram að kröfur vegna námslána séu annars eðlis en flestar peningakröfur og eðli málsins skv. verði menntun tiltekins einstaklings ekki tekin af honum við gjaldþrotaskipti og hann njóti því

menntunarinnar áfram eftir gjaldþrotið. Þá segir að í ljósi þessa sé lagt til að ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um tveggja ára fyrningu krafna eftir gjaldþrotaskipti, nema viðurkenning fyrningarhlita fáiast fyrir dómi, eigi ekki við um námslán. Enn fremur segir í athugasemdum við frumvarpið: „Ólíkt núverandi kerfi er gert ráð fyrir að afborganir námslána ásamt föstu vaxtaálagi standi að fullu undir lánveitingum sem Menntasjóðurinn veitir. Með þessu frumvarpi er lagt til að stuðningur ríkisins verði jafnari og gagnsærri en áður í stað þess að hann felist í niðurfelldum ógreiddum lánnum og vaxtamun. [...] Til þess að kerfi það sem lagt er til í þessu frumvarpi virki eins og ætlast er til verða endurgreiðslur námslána að standa undir sér og ríkið hætti að niðurgreiða vexti eins og er í núverandi kerfi.“

35. Það er mat dómsins að ætla verði löggjafanum heimild og svigrúm til að kveða í lögum á um að námslán séu undanþegin framangreindum ákvæðum laga nr. 21/1991 um fyrningarfræst kröfu. Þau dómafordæmi Hæstaréttar sem vísað er til í greinargerð stefnda, sbr. t.d. dóm 2. nóvember 2017 í máli nr. 643/2016, þykja ekki eiga að leiða til annarrar niðurstöðu enda féllu þeir dómur áður en umrædd lagabreyting var gerð með setningu hinna nýju laga um Menntasjód námsmanna. Með 2. mgr. 26. gr. laganna var Menntasjóður námsmanna undanþeginn því að þurfa að hlíta reglum 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Með hliðsjón af því og þeim sjónarmiðum sem koma fram í athugasemdum með frumvarpinu varðandi breytingar á fjármögnun námslánakerfisins þykir sá greinarmunur sem gerður er eftir því hvort um námslán eða aðrar skuldir er að ræða vera hlutlægur og málefnalegur og rúmast innan þess svigrúms sem löggjafinn nýtur. Þá verður að telja að gætt hafi verið meðalhófs, en ákvæðið gildir með sama hætti um alla þá sem eins stendur á um, auk þess sem það fer ekki gegn þeim markmiðum laganna að tryggja þeim sem falla undir þau jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, sbr. 1. gr. laganna. Er því ekki fallist á að ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eða mannréttindasáttmála Evrópu.
36. Að öllu framangreindu virtu og í ljósi atvika málsins verður ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020, sem sett var með stjórnskipulega gildum hætti, beitt um kröfur stefnanda á hendur stefnda. Kröfur stefnanda teljast þar með ekki undirorpnar fyrrgreindum skilyrðum 165. gr. laga nr. 21/1991 og eiga þær sérreglur um fyrningarfræst og slit fyrningar sem þar koma fram ekki við um kröfu stefnanda á hendur stefnda, heldur fer þar um eftir reglum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

37. Í samræmi við þessa niðurstöðu ber að fallast á dómkröfur stefnanda, enda er enginn tölulegur ágreiningur uppi í málinu. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda 4.049.727 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 145.023 krónum frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022, af 297.071 krónu frá 1. mars 2022 til 17. nóvember 2022, en af 4.049.727 krónum frá 17. nóvember 2022 til greiðsludags.
38. Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.
39. Af hálfu stefnanda flutti málið Hildur Þórarinsdóttir lögmaður og af hálfu stefnda flutti málið Guðmundur H. Pétursson lögmaður.
40. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Arnar Ólafsson, greiði stefnanda, Menntasjóði námsmanna, 4.049.727 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 145.023 krónum frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022, af 297.071 krónu frá 1. mars 2022 til 17. nóvember 2022, en af 4.049.727 krónum frá 17. nóvember 2022 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.